

HEIMSKRINGLA

(Stofnun 1908)

Kjörur á á hverjum fjórvikudag

Stofnendur og eigendur:
THE VIKING PRESS, LTD.

Vorð blaðsins í Kanada og Bandaríkjunum \$2.00 og árs (fyrirfram borgar). Sent til Íslands \$2.00 (fyrirfram borgar). Allar borgir sendist ráðgjafar blaðsins. Þótt einn þessi ávísunir tilfelli til The Viking Press, Ltd.

O. T. Johnson, ritstjóri
S. D. B. Stephenson, rúðmaður

Stofnunin:
720 SHERBROOKE STREET, WINNIPEG
P. O. Box 2371 Telokki Gætt 613

WINNIPEG, MANITOBA, 25. JUNI 1919

Alvarlegar sannanir.

Marga mun hafa grunað, sem fylgst hafa með viðburðum hér í Winnipeg upp á síðkastið, að fyrir leiðtogum núverandi allsherjar verkfalls hafi aðallega vakað eitthvað annað en eflla kjör verkafólksins. Að grunur sé var ekki ástæðulaus hefur nú verið sannað með óhreklandi rökum.

Pegar farið var að ramsaka skjöl þau, sem gerð voru upptæk í verkamanna salnum, kom margt í ljós, er áður var hulið. Rannsókn þeirri er enn ekki lokið, en næg sannanagögn hafa þó þegar fundist — að sagt er — fyrir því, að alger stjórnbýlting á rússneska vísu hafi verið fyrirhuguð hér í Kanada af sumum af helztu verkamanna leiðtogum. Með það aðalmarkmið fyrir augum, að hrinda af stokkum byltingu og stofnsetja í Kanada rússneska Sovjet stjórni, hafa þeir kept að völdum í iðnfélaga ráðum landsins, bæði hér í Winnipeg og annars staðar.

Að svo komnu eiga margir af verkamönnum vafalaust bág með að átta sig á þessu, sem von er. Mun óhætt að fullyrða, að heild verkamanna hér hafi aldrei þróað að sigla í kjölfar Bolshévíkanna rússnesku. Stöku einstaklingar, helzt grunnhygnir útendingar, sem alt hafa á hornum sér hér í landi og ekkert hérlent vilja þýðast, hafa ef til vill heillast af Bolshévismanum og Rússland um leið orðið nokkurs konar Útopía í þeirra augum. En hvað fjöldinn snertir á slíkt sér engan veginn stað. Verkamenn Kanada þrú um-bætur, þrá að eflla kjör sín og víkka sjón-deildarhring sinn, en að löngun eftir að líkjast Rússum sé ríkjandi aflið í hugum þeirra, munu fáir fást til að trúa.

Ef leiðtogarnir hefðu þorað að koma fram í dagsljóði með instu áhugamáli sínu, aðal-tilgang og markmið, þá hefðu þeir haft alt önnur áhrif og að líkindum ekki átt langvarandi vinsældum að fagna. Eingöngu með þeim hætti, að leyna aðal "hugsjónum" sínum — utan á meðal þeirra "útvaldu" — hafa leiðtogar þessir áorðað að afvegaleið og draga verkafólkið á talar. En upp koma svik um síðir og áður langur tími liður munu augu verkamanna opnast fyrir því sanna og rétta.

Í ofangreindu skjalasafni hafa fundist bréf, sem á undanfærðum mánuðum hafa borist á milli R. B. Russel — eins af helztu forspökkum Winnipeg verkfallsins — og "félagi" hans. Þrjú af bréfum þessum hafa verið birt í önsku blaðinu. Bréf þessi heimfæra þann sannleika, að rússnesk stjórnbýlting hafi verið hér í aðsigi og að Eina stóra sambandið (One Big Union), sem stofnað var í Calgary, Alta., hafi átt að verða spor í áttina. Virðast því fylstu líkur benda til, að allsherjar verkfallinu hér í Winnipeg hafi verið hrint af stokkum með sama augnamiði.

Fyrsta bréfið er frá einum af trúnaðarmönnum Russels og er dagsett 24. marz s. l. Aðal efni þess er, að biðja um nokkur eint. af blaði því í Winnipeg, sem birti skýrslu Russels frá Calgary aðstefnunni. Blaði því á svo að útbýta á meðal járnbrautarstarfsmanna. Eins mælist bréfsöfundur til að Russell komi vestur og haldi ræðu á járnbrautar starfsmanna fundi. Segist hafa meðtekið "Bolshéviki fjárstyrk" til að kosta slíkt. Að endingu er Russell svo beðinn um ritgerðir fyrir blað, sem sé í vöndum þar um slóðir og eigi að heita One Big Union Bulletin.

Næsta bréf er svar Russels. Lætur hann í ljós gleði sína yfir dugnaði þessa samverkamanns síns og árnar honum allra heilla. Skýrslu sína, er minst sé á, segir hann birtast í Western Labor News og hafi ráðstafanir verið gerðar að útbýta 20,000 eint. af því í þremur vestur-fylkjum. Ánægju sína letur Russell í ljós yfir hinum ríflega fjárstyrk, er fengist hafi og kveður slíks næga þörf til auglýsingastarfsins. Ritgerð segist hann fús að semja fyrir blaðið og verði hún sendi að stuttum tíma liðnum.

Þriðja bréfið dregur af allan vafa um hvaða öfl hafi ráðið mestu iðnfélaga og verkamanna ráðinu hér (Trades and Labor Council). Það er frá Russell til eins af félagum hans og dagsett 30. jan. s. l. Eftirfylgjandi útdráttur úr því er birtur í ensku blaðinu og hljóðar þannig í íslenskri þýðingu:

"Í sambandi við skeyti mitt í nótt (night letter) viðkomandi Winnipeg ástandinu, vil eg nú skýra þér í helztu dráttum frá viðburðinum. A iðnfélaga og verkamannaráðs fundinum unnim við stórkostlega sigur og drápum verkamannaflokksinn fyrir fuit og alt. Annar allsherjafundur var kallaður síðasta sunnudag, að tilhlutan flokks vors, til þess að ræða orsakir stjórnbýltingarinnar þýzku.

Bréf þitt ásamt frimerkjum og stofnréttinda umsóknum meðtekið, sömuleiðis bækur í sérstökum bögli ásamt eintökum bæklingans "Starfandi Soviets" og reikningar yfir M. P. E. skuldina, er eg mun sinna og senda ávísun innan eins eða tveggja daga.

Þeir eru nú að vakna til meðvitundar um, að við séum nú öðum að aðsetu umráðum í iðnfélaga og verkamanna ráðinu, og trúðu mér, að þegar slík umráð eru fengin, skulu þau notuð okkur til gagns.

Eg sé í blaðinu í gær, að hertoginn af Devonshire eigi að hafa sagt, að "Bolshévisminn útheimti myrka felustaði til þess að þróa stöð, og ef honum sé sint í tíma og á viðeigandi hátt, sé hægt að uppræta hann." Sé staðhæfing hans rétt, þá eru þær aðfarir yfirvaldanna, að hreklja okkur í myrka felustaði, okkur til góðs.

Ef þú sendir okkur 500 eint. af "Starfandi Soviets", munum við útbýta þeim á meðal heimannanna og sjá hvort ekki ber árangur.

Með beztu óskum til þín og allra D. S. C. félaga.

Þinn í þágu Sósíalísmans,

R. B. Russell.

— E. S. — Góðar fréttir frá Toronto og Montreal — sendi þær seinna.

Eftir að hafa lesið þetta bréf geta engir gengið í skugga um hver afstaða R. B. Russell sé. Hann er eindfeginn Sósíalisti og fylgjandi Bolshéviki stefnunnar. Honum er áhugamál að útbreidda þekkingu á starfi "Sovjetanna" rússnesku, er sýnilega gerbyltingamaður á rússneska vísu.

Ög þessi maður hefur verið einn af helztu fulltrúum og leiðtogum verkamanna — undir því falska yfirsýni, að hann væri stoð og stytta verkamanna hreyfingarinnar.

Verkamenn hafa þannig í blindni leð bylt-ingarandanum rússneska sitt ítrasta fylgi — skyldu ekki sumir þeirra vakna við vöndan draum?

Flugið yfir Atlants-hafið.

Loksins hefur sá draumur ræzt, að hepnast mætti að fljúga beint yfir Atlantshafið og það á afarstuttum tíma. Þeir tveir flugmenn, sem gæfu báru til að framkvæma slíkt fyrstir allra og verða þannig "brautryðjendur geimsins", eru báðir brezkir og hafa báðir verið fyrirliðar við brezka flugherinn. Heita þeir Capt. John Alock og Lieut. Arthur Brown, báðir menn á beztu skeiði.

Flugið hófu þeir á laugardaginn þann 14. þ. m. Þrátt fyrir þokur miklar og óhagstæða vindu með köflum komust þeir slýsalaust yfir hafið á 16 klukkustundum og 12 mínútum. Löngu af stað frá St. Johns í Newfoundland kl. 4.13 e. h. og lentu að nefndum tíma liðnum á veiturströnd Írlands, nærri Clifden. Gekk illa að finna góðan lendarastað og lentu að lokum í myri einni — sem þeim hafði sýnt vera hið fegursta sléttendi að ofan. Varð flugvél þar föst nærri strax og áreksturinn svo mikill, að við lá að flugmennirnir mistu ráð og rænu. Ekkert er þó annars getið en þeir hafi verið fljótir að ná sér aftur.

Engum vafa er bundið, að menn þessir hafa unnið hið mesta þrekvirkni. Til slíks langflugs eru flugvélar enn sem komið er ekki eins fullkomnar og skyldi og slíkt ferðalag í geimnum upp því útheimti óbándi á-ræði og sanna karlmensku. Annað eins er ekki heiglum hent.

Frægd flugmanna þessara verður því mikil, nöfn þeirra ófæð í hávegum höfð um margar ókonnar aldir. En dýrmetustu laun nútíðarinnar verða vafalaust á fjárhagsvísu! Til að byrja með hafa þessir brezku flugmenn nú hrept \$50,000 verðlaun, er blaðið Daily Mail bauðst til að gefa fyrir fyrsta flug yfir Atlantshafið. Og ólíklegt er þeir taki stein-

ana í staðinn fyrir starf sitt eftirleidis. Þar sem Bretanum þykir jafnan vænt um skil-ingana, munu þeir að líkindum meta slíkt mikils — þó að sjálfsgöðu meti þeir frægðina mest.

Um þetta fyrsta flug yfir Atlantshafið kemst Winnipeg Telegram nýlega þannig að orði í ritstjórnargrein:

"Vér lifum á undravörðum tímum. Þeir af oss, sem nú eru miðaldra, munu eftir upp-götvun talsímans, munu eftir innreið raf-ljósanna, muna eftir fyrstu spörvögnum knúðum áfram með rafmagni, fyrstu bifreiðum, fyrstu tilraunum með X-geislum og fyrsta fluginu yfir Ensku sundið."

Hve undursamlegt tímabil! Hvílikt minn-inga-samni handa fertugum manni að hug-leiða og eðurskoda!

Rétt nýlega gátu tveir Bretar sér þann glesta orðstír, að verða viðurkendir flug-kappar veraldar, við að fljúga beint yfir Atlantshafið, frá Newfoundland til Írlands, á rúmum sextán klukkustundum.

Hugleiðið slíkt — sextán klukkustunda ferð yfir Atlantshaf. Þegar forfeður vorir komu hingað til lands, töldu þeir sig láns-menn að komast slíka sjóferð á sextán vikum.

Hvert stefnir? Erum vér að færast frá einu þroskunarviðinu á annað, að leggja undir oss tíma og rúm, eða erum vér, einsog fransk-ur rithöfundur hefur gefið í skyn, að komast á hesta stig þroskunarinnar einungis til að steypast til baka, til menningarleysis (barbarism) og hugsjónaskorts og verða eftirskildir lamaðir og sinnulausir um þúsund ára tíma-bíl?

Hin feiknamikla vísindalega framför nútíðarinnar, samfara heimskulegum draumór-um þeirra, sem vefngja vilja og eyðleggja alla vora menningar fjársjóðu, ætti að koma oss til að hika áður vér úrskurðum hvar vér séum á leið til virkilegrar þroskunar, er eigi jafnvel eftir að hefja oss hærra en Forn-Grikkir, — eða hvort er séum að eins að ná hámarkinu til þess að eiga eftir að steypast þaðan í annað miðalda hlyðpi.

Her þekkir framtíðin vora? Hver veit ör-lög vor? Ef til vill er það sannleikur, að Forn-Egyptar hafa verið gæddir eins mikilli vís-indalegri þekkingu og vér í dag. Ef til vill er það sannleikur, að þeir hafi steypast frá ljósi og skynsemi til miðnæturs myrkurs. Hver veit? Og hver veit hvort vér, með öllum vor-um miklum frámförum nú að þökast að dýrð-legu tímabili æðri þroskunar eða að búa oss undir að kaffisterast í hafi gleymskunnar?

Flugið frá Newfoundland til Írlands hlýtur að vekja djúp þankabrot í heila hvers hugs-andi manns.

Stálverkstæði Belgíu eyðilögð.

Grimdarfyllsta tjónið orsakað Belgíu var ekki hernaðarlegis eðlis, heldur fólgið í því, hvernig stálverkstæðin þar voru af ásettum ráði rænd og eyðilögð. Með sanni sagt gæti því verið heppilegasta svarið gegn mótmælum þjóðverja í sambandi við friðarsamning-ana, að fara með þá til þessara lánuðu og rupluðu verkstæða. Sendiherrar þeirra komu með þá staðhæfingu, að samkv. samningun-um yrði "feikna stór hluti þýzks iðnaðar dæmdur til eyðileggingar". Svar bandamanna var á þá leið, að fullvissa þá um að slíkur ótti væri ástæðulaus, en hvað Belgíu snerti hefði eyðileggingin þar þegar verið framkvæmd. Voru tveir liðseldir sérstak-lega myndaðar til að hafa eyðileggingu þá með höndum, að Liege fregniti Parisar-blaðsins Matin hefur frá skýrt. Átti önnur þessara liðseldila að taka í sundur hinar ýmsu vélar verkstæðanna svo hægt væri að senda þær til Þýskalands, en meiri "skelfing-ar" komu í ljós í sambandi við verkefni hinar. Sú liðseldil átti eingöngu að eyði-leggja allar vélar, sprengja í sundur ofna og katla og í stuttu máli sagt ónýta alt tilhey-randi stálverkstæðinum. Formaður þeirrar liðseldila var Dr. Querbert, kennari í mál-mvinslufæði í Aix-la-Chapelle. Um hann er sagt:

"Hann kom til Belgíu í lok ársins 1917 á-samt fylgdarljóði sínu. Virðist sem þjóðverj-ar hafi á þessum tíma verið farnir að draga í efa, að þeir fengu sigrað á hernaðarvísu. Vitandi þeim yrði ekki auðið að innlima Belgíu, afreðu þeir að myrða hana með spjótstunga í hjartastað — eyðileggja öll iðnaðartæki hennar.

Allir forstöðumenn Belgíu verkstæðanna kynntust Dr. Querbert um þessar mundir, því hann dróg ekki að heimsækja þá hvern af öðrum. Viðmótsþýður og kurteis og fullur afsökunar fyrir að "gera ónæði" kom hann á flug þeirra. Góðlátlegast og með allri hæ-versku tilkynnti hann svo erindi sitt, réttlætt með lygum. Orð hans voru:

ÞJÓÐRÆKNISFÉLAG ÍSLENDINGA Í VESTURHEIMI

P.O. Box 223, Winnipeg, Manitoba.

Í stjórnsæfnd (Stjórnin) eru: Sver Ragnvaldur Þórsson, forseti, 656 Maryland str., Winnipeg; Jón J. Bláskott, vara-forseti, 2104 Portage ave., Wpg.; Sig. Jón Jóhannsson, skrifari, 357 Ingessoll str., Wpg.; Aug. I. Bláskott, vara-skrifari, Wyngard, Sask.; S. D. B. Stephansson, fjármála-ritari, 729 Sherbrooke str., Wpg.; Beetha Elíasen, vara-fjármálaritari, Arborg, Man.; Ásm. P. Jóhannsson, gjaldkeri, 796 Victor str., Wpg.; Sára-Albert Kristjánsson, vara-gjaldk. Lundar, Man.; og Sigmundur Sigmundsson, skjalavörður, 724 Beverley str., Wpg.

Fræðandi hefur nefndin fjórða stjórnargætt, hvers mánaðar.

"Eðsta herstjórn vor verður að

fá byssur, fleiri byssur; þörfin er stöðugt jafn-þyrn fyrir byssum og skotferum. Til að geta mætt þeim þörfum, verðum vér að afla oss stáls, meira og meira stáls. Ög þar sem þér hafið í verkstæði yðar feikna stórar birgðir af stáli, í hin-um ýmsu vélum, hljótum vér að eyðileggja sumar þeirra og afla oss þannig stáls í byssur vorar Vér munum reyna að orsaka yður sem minstan sársauka eða ó-næði"

Tilkynningu þessari, mýktri með hunangsbrösi, fylgdi svo, að speilvirkjarnir þýzku gerðu tafar-laust innreið á verkstæðið. Með-dýnamíti og öðrum eyðileggingar-vopnum tóku þeir til starfa. Öfn-um og kötlum var unnið á með sprengiefnum og engin miskun sýnd. En smærri vélar voru eyði-lagðar þannig, að stór og afar-þungur stál-hnallungur var látinn detta ofan á þær og brjóta þær til agna. Tjón þannig orsakað einu verkstæðinu (Ongree-Marhage), sem á undan stríðinu veitti at-vinnu 9,000 verkamönnum, er á-ætlað \$10,000,000, samkvæmt peninga gildi 1914. — Nú myndi það metið um \$40,000,000. Ann-að verkstæði, sem hafði starfandi 10,000 verkamenn, varð sömu-leiðis á þann hátt fyrir skaða, sem þá var metinn \$15,000,000, en nú myndi reiknast upp á \$60,000,000. Um þetta segir Matin fregn-ritinn enn fremur:

"Eyðilegging þessi var ekki or-sökud, þó haldið væri því fram, með því augnamiði að fá þannig stál til byssugerðar. Það sanna þær feikna birgðir af stáli, er þjóðverjar steyptu ekki um og sem nú liggja í hrúgum innan um rústirnar. Markmiðið var ein-göngu að eyðileggja hin ágætu iðnaðarverkstæði Belgíu, svo verzlunarlegri samkeppi við Þýskaland yrði hnekt um langt tímabil eftir stríðið."

Þýskaland verðskuldar ekki annað en réttláta hegningu og hana í sem alvarlegastri mynd, þegar til kemur að endurreisa iðnað Belgíu. Það er skoðun ofan-nefnds fregnita og leggur hann til að þjóðverjar dæmist að greiða fullar skadabætur. Yfirgnæfandi tilfinningasemi frá hálfu banda-þjóðanna í slíkum málum segir hann íbúum Liege borgar hið mesta undrunarefni. Þeir segja: "Iðnaður Belgíu hefur verið myrt-ur. Hvi skyldi orðum eytt og við-höfn notuð þá mörðingjar eiga hlut að máli?"

Frá Íslandi.

(Fræð. frá 1. bls.)

Skömmu eftir að snjóflóðið mikla féll úr fjallinu andspennis Siglufjarð-ar kaupstað, féll snjóflóðið út af firð-inum vestanmegin, yfir bæinn Engi-dag og fórst þar 7 menn. Böndinn þar hét Garðabli, en hitt fólkið er ekki nafngreint í fréttunum. — Í Hóvínsfirði féllu tvö snjóflóði, 12. og 13. þ. m. og fórst í þeim 2 menn. Páll Þorsteinsson og Haraldur Er-landsen. Þessi flóð tók og með sér fjárhús, sem í voru yfir 30 kind-ur. Á Kaðalsstöðum í Hvalvatnsfirði tók snjóflóðið fjárhús með 120 fjár, eiga B. Lindals lögr. á Svalbarðs-eyri. Hafa snjóflóðin þá orðið 18 manns að bana. Það er sagt, að Siglufjarðingur telji tjónið af snjó-flóðinu úr Staðarhólsfjalli nema um hálfa aðra mill. króna.

Á sextugsafmæli dr. Jóns Þor-keissonar landskjalavörðar sátu með honum minningarveizlu yfir 50 manns. Ární Pálsson bókavörður mætti fyrir minni heiðursgestsins, en sára Kristinn Danielsson, sam-bekkingur hans minnst skólaára, Páll Sveinsson kennari flutti kveðju frá Skattfellingum og kveði á lat-inu, sem prentað verður í Óðni, og enn talaði Guðni Finnþogason pró-fessor. Heiðursgesturinn tók tvis-

ar til máls og fór samsetið vel fram, samfagnaðarskeyti höfðu heiðurs-gestinum borist, sum í ljóðum.

21. þ. m. andaðist á heimili sínu hér í bænum frú Thora Melsted, ekkja Páls Melsted sagntæðinga og lengi forstöðuk